

Fundur nr. 64 í Hafnarstjórn haldinn í Ráðhúsinu fimmtudaginn 6. október 2011 kl: 20.00

Mættir voru: Alex Páll Ólafsson, Hrannar Pétursson, Páll Guðmundsson, Guðmundur Kolbeinn Björnsson, Valentínus Guðnason, Ingveldur Eyþórsdóttir og Gyða Steinsdóttir hafnarstjóri.

Dagskrá

1. Flotbryggja
Bryggjan komin á sinn stað og er að mestu tilbúin, aðeins á eftir lokafrágang sem klárast á næstunni. Búið er að fylla öll pláss á báðum bryggjunum. Endanlegur kostnaður liggur ekki fyrir.
2. Slysavarnir
Búið er að smíða handrið á landganginn á bryggjunni útí Stykki. Farið verður í það fljótlega að setja það upp.
3. Umsókn Ingólfs Guðlaugssonar um viðlegupláss.
Sótt er um viðlegupláss fyrir 9 metra bát við flotbryggju fyrir Sea Safarí ferðaþjónustu fyrirtæki. Hafnarstjórn tekur vel í erindið og er hafnarverði falið að finna staðsetningu.
4. Erindi Þorgeirs Kristóferssonar og Magnúsar Tómassonar varðandi aðstöðu fyrir ferðaþjónustu.
Óska þeir eftir viðleguplássi fyrir tvo 10 metra báta. Litlið er á umsóknina jákvæðum augum. Hafnarstjórn lýsir yfir áhuga og vilja til samstarfs. Athuga þarf kostnaðaráætlun, staðsetningu og samninga. Hafnarstjóra og hafnarverði falið að skoða lausnir og staðsetningu.
5. Samgönguáætlun 2011-2014
Rætt var um samgönguáætlun 2011 – 2014.
6. Gjaldskrá hafnarinnar 2012
Gjaldskrá fylgir hækkun vísitölu neysluverðs og verður hækkuð 1.1. 2012.
7. Bílastæði á hafnarsvæði
Tillaga frá hafnarstjórn að bílastæði á hafnarsvæði verði kláruð. Jafnframt að skoðaðir verði möguleikar á gjaldtöku fyrir bílastæði á hafnarsvæðinu.
8. Önnur mál
 - 8.1
Fyrirspurn kom hvort að greiðslur strandveiðibáta sem ganga eigi til heimahafna hafi skilað sér til hafnarinnar. Hafnavörður upplýsti að svo væri. Einnig var rætt hvað strandveiðar skiluðu miklum tekjum til hafnarinnar.
 - 8.2

Byggðakvóti. Hafnarstjórn hvetur bæjarstjórn til að hafa hagsmuni hafnarinnar að leiðarljósi við úthlutun á byggðakvóta.

8.3

Formanni hafnarstjórnar bárust kvartanir vegna losunar jarðvegsefna við Reitarveg. Hafnarstjórn vill áréttta að öll losun úrgangsefna á hafnarsvæði er bönnuð.

8.4

Hafnarstjórn leggur til að gamlir bátar verði staðsettir á fjörukambinum við Maðkavík.

8.5

Hafnarstjórn leggur til að lagt verði stöðugjald á báta og kerrur á hafnarsvæðinu við Skipavík.

Fundi slitið kl. 23:20

Fundi slitið kl: 20.00

Ingveldur Eypórsdóttir, ritari (sign),
Alex Páll Ólafsson (sign),
Páll Guðmundsson (sign),
Guðmundur Kolbeinn Björnsson (sign),
Valentínus Guðnason (sign),
Gyða Steinsdóttir (sign),
Hrannar Pétursson (sign).